

Fjarðabyggð
Valur Sveinsson
Hafnarbraut 2
730 Fjarðabyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700033/bs

Skerðingar votlendissvæðis, skotsvæði Skotíþróttafélagsins Dreka. Umsögn


Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mögulegar framkvæmdir vegna skotsvæðis í votlendi norðan Bjarga í Reyðarfirði.


Svæðið sem ætlað var til afnota fyrir Skotíþróttafélagið Dreka reyndist vera samfellt mýrlendi um 20 ha að stærð. Til að svæðið nýtist til skotæfingar er ráðgert að ræsa fram mýrina.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd falla mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri undir vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Því telur Umhverfisstofnun að leita eigi að öðru svæði undir starfsemi Skotíþróttafélagsins Dreka sem felur ekki í sér slíkar röskun votlendis.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur